

REGLUGERÐ**um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. október 1979.****1. gr.**

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Pau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá 6 mánaða frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

*Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1980.***Magnús H. Magnússon.***Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 98.

8. janúar 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr og er stofnaður samkvæmt ákvörðun hans af Svövu Storr og Önnu Dúfu Storr.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framförum á sviði jarðefnafræða, byggingariðnaðar og skipasmíða með því að styrkja vísindamenn á sviði jarðefnafræða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga og iðnaðarmenn til framhaldsnáms, svo og að veita styrki til rannsókna á hagnýtum úrlausnarefnum í þessum greinum.

Stjórn sjóðsins er ennfremur heimilt að veita lán í sama tilgangi.

Við mat á því, hvort umsækjandi skuli hljóta styrk, skal lagt til grundvallar, hvort framhaldsnám umsækjanda eða rannsóknir geti stuðlað að raunhæfum framförum í þeirri grein, sem um ræðir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er öll fasteignin nr. 15 við Laugaveg í Reykjavík.

Framangreinda fasteign má ekki selja. Eigi má heldur veðsetja eignina nema vegna lántöku til viðhalds hennar, enda samþykki allir stjórnarmeðlimir veðsetninguna.

4. gr.

Eignir sjóðsins eru fasteign, sem um getur í 3. gr. svo og aðrar eignir, sem honum kunna að áskotnast.